

## K- pals

aðferðin var þróuð af háskóla í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum með það að markmiði að gefa kennurum kost á að örva og þjálfra samtímis hóp af börnum í hljóða- og stafabekkingu, lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Kennt er í tveimur sex vikna lotum, einni á haustönn og annarri á vorönn.

## Þjálfari og lesari

Öll börn skiptast á að vera þjálfari og lesari. Getumeira barnið í hverju pari er fyrst þjálfari. Hlutverk hans er að þjálfra og styðja getuminna barnið. Börnin eru pöruð saman eftir niðurstöður úr Hljóm 2 prófum sem lögð eru fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti síðasta árs í leikskóla.

Hvert par vinnur saman í sex vikur að þeim tíma liðnum er endurmetið hvernig vinna á áfram í næstu lotu.

## K-pals verkefni

samanstanda af tvenns konar verkefnum, hljóðaleikja- og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðavitundar. Markmið umskráningarverkefnanna er að styrkja umskráningu og orðabekkingu.

## Hljóðaleikir

Hljóðavitund (undirþáttur hljóðkerfisvitundar), hæfileikinn til að heyra og vinna með hljóðin í orðum, er mikilvæg undirstaða undir lestrarnám. Í hljóðkerfisverkefnum þjálfast börnin í fjórum þáttum hljóðkerfisins: að greina hljóð, rím, sameiningu og sundurgreiningu.

Verkefnin eru unnin þrisvar í viku og verða K-pals tímarnir í hádeginu á mánudögum – miðvikudögum og fimmtudögum, hver tími er 20 – 30 mín. Í byrjun er stutt innlögn kennara á hverju verkefni. Verkefnin eru í K-pals möppu barnanna. Nýtt hljóð er kynnt í u.þ.b. öðru hverju verkefni.

## Sjónorð

Tilgangur þjálfunar á sjónorðum (orðmyndum) er að kenna börnunum að þekkja algeng orð. Nýtt orð er kynnt í u.þ.b. þriðja til fjórða hverju verkefni. Sjónorð eru orð eins og; og, er, ekki ofl.

## Umbun og stigagiöf

kennari hefur eftirlit og veitir aðstoð, umbun og endurgjöf á meðan börnin vinna verkefnin í K-pals möppunni, eftir að innlögn hefur farið fram. Börnin geta unnið sér inn allt að fjórum broskörlum í hverjum þætti verkefnisins. Í lokin telja börnin broskarlana og merkja stigin inná þar til gert stigablað.

Hér má finna slóð að einni kennslustund í K-pals <https://vimeo.com/140676277>